

94

6. nóv.

11. gr.

Gjöldum samkvæmt samþykkt þessari fylgir lögtaksréttur.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 200 króna sektum, er renna í sýsluvegasjóð, og fer með mál út af slíkum brotum, sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Með samþykkt þessari eru felld úr gildi öll eldri ákvæði um sýsluvegi, er koma í bág við samþykkt þessa.

14. gr.

Á samþykkt þessari skal leita staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

95

13. nóv.

SAMÞYKKT

um

starfsvið og laun bæjarstjórans á Seyðisfirði.

1. gr.

Bæjarstjórnin kýs bæjarstjóra eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa.

2. gr.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarstjórn og hefir þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefir hann því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.

3. gr.

95

Bæjarstjóri á sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og má kjósa hann formann nefnda, en eigi ber honum atkvæðisréttur í nefndum.

4. gr.

Bæjarstjóri hefir á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og bæjarmálefna yfir höfuð.

5. gr.

Bæjarstjóri er féhirðir bæjarsjóðs, hafnarsjóðs og annara þeirra sjóða, sem bærinn á eða hefir umsjón með.

6. gr.

Bæjarstjóri setur þá tryggingu, sem bæjarstjórn ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefir á hendi, sbr. 5. gr.

7. gr.

Skylt er bæjarstjóra að hafa skrifstofu sína opna fyrir almenn-
ing að minnsta kosti 4 tíma á dag.

8. gr.

Laun bæjarstjóra og skrifstofufé er 5000 kr. á ári, sem bæjar-
sjóður greiðir. Útgjöld til ritfanga, síma og burðargjald greiðir bæjar-
sjóður eftir reikningi.

9. gr.

Að öðru leyti fer um störf bæjarstjóra að lögum.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefir
gjört, staðfestist hérmeð samkvæmt 31. gr. laga nr. 59, 14. júní 1929
til að öðlast gildi 1. janúar 1930, og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.